

Mál nr. 84/2007
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. I og
Vátryggingafélagið V-2 v eiganda húsnæðis E

Maður slasaðist þegar hann var að klofa yfir þröskuld þ. 31.7.2003 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2007 ásamt fylgisköllum nr. 1-12
2. Bréf V-1 dags. 8.5.2007 ásamt tjónstilkynningu
3. Bréf V-2 dags. 4.5.2007.

Málsatvik.

Lögmaður M segir málsatvik vera þau að M hafi unnið við ræstingar og slasast, tognað á hálsi, við vinnu sína fyrir I á húsnæði E. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M var að klofa yfir þröskuld þegar hann hafi fallið en fyrir innan þröskuldinn sé plastmotta sem hafi runnið undan fótum M. Lögmaður M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað þ.e. hæð þröskulds og plastmottu. Þessar aðstæður telur M hafa verið hættulegar og saknæmar. Einnig er vísað til 6 liðs reglna nr. 581/1995. M byggir bótakröfur sínar á sömu málsástæðum gagnvart I og E en auk þess byggir hann á sjálfstæðri ábyrgð vinnuveitanda á starfsfólki sínu gagnvart I. V-1 bendir á að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi I eða starfsmanna þess eða öðru sem I beri ábyrgð á og hafnar bótakröfu. Þá er á það bent að I hafi ekki haft neinn umráðarétt yfir húsnæðinu og beri því ekki ábyrgð á hlutum sem það varðar. Af hálfu V-2 er því haldið fram að enginn lagagrundvöllur sé fyrir málskoti þar sem félagið hafi ekki tekið afstöðu til þess.

Álit.

Af hálfu M er ekki sýnt fram á að I hafi bakað sér bótaskyldu. Bótakröfu sem beint er gegn V-1 er því hafnað. V-2 hefur gert kröfu um að málinu verði hvað hann varðar vísað frá nefndinni sbr. 2. mgr. 51.gr. laga um vátryggingasamninga. Fallast ber á það með V-2 að ekki er forsenda til að fjalla um mál sem hafa ekki fengið afgreiðslu tryggingafélags innan eðlilegs tíma. Eins og háttar til um mál þetta þá heldur V-2 því fram að félaginu hafi fyrst verið tilkynnt um málið eftir að málinu var skotið til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Af þeim sökum með vísan til 2. mgr. 51.gr. laga um vátryggingarsamninga er málinu vísað frá hvað varðar V-2 og E.

Niðurstaða.

Ekki er um bótaskyldu að ræða gagnvart V-1 og I

Málinu gagnvart V-2 og E er vísað frá Úrskurðarnefndinni.

Reykjavík 29.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.